

SKÝRSLA
TILNEFNINGARNEFNDAR SJÓVÁ
2024

14. febrúar 2024

SKÝRSLA TILNEFNINGARNEFNDAR 2024

Markmið og hlutverk

Markmið með skipun nefndarinnar er að koma á skýru og gagnsæu fyrirkomulagi tilnefninga stjórnarmanna Sjóvá á aðalfundi félagsins, sem m.a. skapar hluthöfum þess forsendur fyrir upplýstri ákvarðanatöku.

Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar. Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og taka mið af heildarhagsmunum þeirra. Hún skal líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins. Nefndin skal gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri hæfni, þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

Tilnefningarnefnd hefur ráðgefandi hlutverk við val á stjórnarmönnum Sjóvá og leggur tillögur þess efnis fyrir aðalfund. Þetta er sjötta skýrsla nefndarinnar og reynt hefur verið að bæta efnisinntök og framsetningu í samræmi við ábendingar sem nefndin hefur fengið. Nánari upplýsingar um hlutverk nefndarinnar má finna í starfsreglum hennar sem aðgengilegar eru á heimasíðu Sjóvá og í viðauka I. Einnig eru upplýsingar um hlutverk tilnefningarnefnda í leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq Iceland um góða stjórnarhætti.

Skipan

Tilnefningarnefnd Sjóvá tók til starfa í október 2018.

Nefndarmenn fyrir árin 2023-2024 eru Katrín S. Óladóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri og eigandi Hagvangs, formaður, Finnur R. Stefánsson og Sigríður Olgeirsdóttir. Pálín Dögg Helgadóttir, verkefnastjóri hjá Sjóvá ritaði fundargerðir og aðstoðaði nefndina. Sjá nánari upplýsingar í viðauka II.

Allir nefndarmenn eru óháðir félaginu og stjórnendum þess. Tveir nefndarmanna eru jafnframt óháðir stórum hluthöfum félagsins.

Störf nefndarinnar

Tilnefningarnefnd fundaði 6 sinnum á tímabilinu frá aðalfundi 2023 til 14. febrúar 2024. Nefndin starfaði í samræmi við fyrrnefndar starfsreglur sem eru í viðauka. Á fyrsta fundi nefndarinnar var starfsáætlun gerð, verklag rætt og hvaða lærdóm nefndarmenn gætu helst dregið af síðasta ferli.

Nefndarmenn funduðu með forstjóra félagsins, Hermann Björnssyni þann 28. september 2023 og 25. janúar 2024. Tilgangurinn var að fá upplýsingar um rekstur félagsins, helstu verkefni og áskoranir ásamt frekari upplýsingum um störf stjórnar frá síðasta aðalfundi.

Fundað var með öllum stjórnarmönnum í Sjóvá og varamönnum í stjórn 4. desember 2023. Á fundunum lagði nefndin fyrir staðlaðar fyrirfram ákveðnar spurningar. Markmið fundanna var að afla upplýsinga um mat stjórnarmanna á stöðu og stefnu félagsins, um helstu verkefni og áskoranir, um störf stjórnarinnar, skilvirkni, þekkingu, samstarf og samsetningu hennar.

Á fundum nefndarmanna með stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn kom fram að allir hlutaðeigandi hyggðust gefa kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir félagið.

Upplýsingar sem komu fram á fundum með stjórnarmönnum voru notaðar til að leggja mat á störf einstakra stjórnarmanna og jafnframt á samstarfið og hvernig hæfni og reynsla einstakra stjórnarmanna hafa nýttst. Hæfni og reynsla stjórnarmanna var metin út frá fyrirfram skilgreindum lykilhæfnispáttum sem nánar er fjallað um síðar og einnig var lagt mat á stjórnina í heild.

Tilnefningarnefndin hafði einnig til hliðsjónar eigið árangursmat stjórnar dags. 7. nóvember 2023 og stjórnarháttayfirlýsingu 2023.

Samhljómur var í niðurstöðum árangursmats stjórnar og þess sem fram kom í viðtölum við einstaka stjórnarmenn. Innan stjórnarinnar er næg þekking og reynsla sem fellur vel að skilgreindri lykilhæfni, þekkingu og þeirri grunnhæfni sem nánar er fjallað um í kaflanum „mat tilnefningarnefndar“. Stjórnarmenn eru með mismunandi bakgrunn og hafa reynslu af ólíkum rekstri.

Í niðurstöðum árangursmatsins kemur fram að stjórnin telur sig hafa uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og starfsreglum og skilað tilætluðum árangri og góðum rekstri félagsins á árinu 2023.

Starfandi tilnefningarnefnd sendi þann 20. nóvember 2023 bréf í tölvupósti til 12 stærstu hluthafa félagsins sem samtals áttu um þrjú fjórðu félagsins. Hluthöfum var boðið að hitta nefndina til að ræða m.a. reynslu sína af störfum stjórnar, hvort þeir hefðu í huga að tilnefna aðila í stjórn og einnig var rætt um störf og verklag tilnefningarnefndarinnar. Þeim var jafnframt boðið upp á að ræða önnur þau mál sem þeir kynnu að hafa áhuga á að ræða. Fulltrúar þriggja hluthafa þáðu boðið og var fundað með þeim 5. desember 2023.

Gagnlegt var fyrir nefndina að heyra viðhorf hluthafa og væntingar þeirra til starfa nefndarinnar og samsetningar stjórnar Sjóvá.

Þann 5. janúar 2024 var birt auglýsing í Kauphöll Íslands þar sem tilnefningarnefndin auglýsti eftir framboðum til stjórnar. Frestur til að skila framboðum var til dagsloka 22. janúar 2024. Fram kom að vegna eðlis og umfangs starfa nefndarinnar gæti nefndin ekki tryggt að lagt yrði mat á framboð sem bærust eftir þau tímamörk. Almennur framboðsfrestur er eftir sem áður fimm sólarhringum fyrir aðalfund í sæmræmi við 63 gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Sama dag voru sömu upplýsingar birtar á vefsíðu Sjóvá ásamt framboðseyðublaði.

Mat tilnefningarnefndar

Tilnefningarnefnd fór yfir lykilhæfni og þekkingu fyrir stjórn Sjóvá, sem nefndin hafði áður skilgreint. Í kjölfarið lagði hún mat á þekkingu og hæfni frambjóðenda út frá neðangreindu:

Lykilhæfni og þekking <ul style="list-style-type: none"> Stjórnunarreynsla í stórum fyrirtækjum Reynsla af tryggingamarkaði Reynsla af fjármálamarkaði Reynsla af áhættustjórnun Sérþekking á lögum Reynsla og skilningur á markaðsmálum Reynsla af langtíma stefnumótun Reynsla af stjórnarsetu 	Grunnhæfni <ul style="list-style-type: none"> Rekstrarþekking Fjármálaþekking Lögfræðiþekking Stjórnunarþekking Tækniþekking Endurskoðun
Persónuhæfni <ul style="list-style-type: none"> Gott siðferði 	<ul style="list-style-type: none"> Áhersla á langtíma ávinning hluthafa Áhersla á jafnrétti og fjölbreytileika

- | | |
|---|--|
| <ul style="list-style-type: none"> • Framsýni • Geta til að taka erfiðar ákvarðanir • Ákveðni • Góður liðsmaður • Samstarfshæfni • Setur fyrirtækið í forgang • Hæfni til að spyrja réttu spurninganna | |
|---|--|

Við mat á tilnefningum til stjórnar horfir tilnefningarnefnd til þess að stjórnin myndi sterka og faglega heild í þágu félagsins og hluthafa þess. Æskilegt er að einstakir stjórnarmenn búi að þekkingu og hæfni á sem flestum ofangreindra sviða og að sem flestir þættir endurspeglit í sitjandi stjórn. Aðrir þættir s.s. þekking á starfsemi félagsins, samfella í stjórnun, aðstaða frambjóðenda til að sinna þeim krefjandi verkefnum sem stjórnarseta felur í sér, kynjahlutföll, aldursdreifing og fleiri þættir komu einnig til skoðunar við gerð endanlegrar tillögu tilnefningarnefndar.

Framboð sem bárust tilnefningarnefnd

Til setu í aðalstjórn Sjóvá bárust til tilnefningarnefndar fimm framboð í aðalstjórn og tvö framboð til setu í varastjórn. Allir núverandi stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram sem og báðir núverandi varamenn í stjórn. Þann 14. febrúar voru því 5 aðilar í framboði til stjórnar Sjóvá og 2 sem varamenn í stjórn. Þeir eru í stafrófsröð:

Björgólfur Jóhannsson
Guðmundur Örn Gunnarsson
Hildur Árnadóttir
Ingi Jóhann Guðmundsson
Ingunn Agnes Kro

Varamenn í stjórn:
Erna Gísladóttir
Garðar Gíslaon

Niðurstaða tilnefningarnefndar– Tillaga um stjórn og varamenn í stjórn

Tilnefningarnefnd leggur til að eftirtaldir frambjóðendur verði kjörnir í aðalstjórn og sem varamenn í stjórn Sjóvá. Frambjóðendur eru taldir upp í stafrófsröð.

Björgólfur Jóhannsson, fæddur 28. ágúst 1955, til heimilis á Seltjarnarnesi. Björgólfur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvá 15. mars 2019 og er stjórnarformaður. Björgólfur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingarpróf í endurskoðun. Hann starfaði sem endurskoðandi á árunum 1985-1992. Björgólfur var fjármálastjóri Útgerðarfélag Akureyringa hf. 1992-1996, framkvæmdastjóri nýsköpunar og þróunar hjá Samherja 1996-1999, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar 1999-2006, framkvæmdastjóri Icelandic 2006-2007 og forstjóri Icelandic Group 2008-2018. Hann starfaði sem annar forstjóra Samherja frá nóvember 2019 til febrúar 2021. Björgólfur var formaður stjórnar LÍÚ á árunum 2003-2008 og formaður Samtaka atvinnulífsins 2013-2017. Í gegnum árin hefur hann setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins. Björgólfur situr í stjórnnum Kjarnafæði-Norðlenska, Kjálkaness, Norðurbaða, Gadusar og Steinasala.

Björgólfur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Guðmundur Örn Gunnarsson, fæddur 6. janúar 1963, til heimilis í Garðabæ. Guðmundur var fyrst kjörinn í stjórn Sjóvá 12. mars 2020 og hann hefur frá 28. apríl 2021 verið stjórnarformaður dótturfélagsins Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. Guðmundur stundaði nám í trygginga-stærðfræði og tölvunarfræði við háskólann í Kaupmannahöfn í Danmörku. Guðmundur starfaði í 23 ár hjá Tryggingamiðstöðinni m.a. sem deildarstjóri upplýsingadeildar og hafði umsjón með tölvudeild, var framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Hann var forstjóri Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) og Líftryggingafélags Íslands (Lífís) 2008-2011. Frá 2011-2013 sinnti Guðmundur ýmsum ráðgjafastörfum og þá aðallega við gerð viðskipta-áætlana og gerð stefnumótunar á sviði nýsköpunar. Frá 2014-2022 var hann framkvæmdastjóri CAE Icelandair Flight Training ehf. sem á og rekur flugherma í þjálfunarsetri Icelandair. Guðmundur hefur víðtæka reynslu af stjórnarstörfum bæði sem almennur stjórnarmaður og stjórnarformaður. Hann er í dag stjórnarformaður hjá Vinnslustöðinni hf., stjórnarformaður CAE Icelandair Flight Training ehf. og stjórnarmaður hjá BL ehf.

Guðmundur er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Hildur Árnadóttir, fædd 4. ágúst 1966, til heimilis í Kópavogi. Hildur hefur setið í stjórn Sjóvá frá 15. mars 2019. Hún var formaður stjórnar frá nóvember 2019 til mars 2020. Hildur er með Cand. Oecon. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og lauk prófi sem löggiltur endurskoðandi. Hildur starfaði sem löggiltur endurskoðandi og eigandi hjá KPMG 1990-2004, framkvæmdastjóri fjármála hjá Bakkavör Group hf. og síðar sem ráðgjafi á skrifstofu forstjóra 2004-2014, forstöðumaður fjárstýringar Íslandsbanka 2014-2015 og við ráðgjöf og stjórnarstörf frá 2016. Í gegnum árin hefur Hildur setið í stjórnnum margra fyrirtækja í ýmsum greinum atvinnulífsins, s.s. í stjórn Bakkavarar Group hf., Exista hf. og Viðskiptaráðs. Hún hefur jafnframt verið í endurskoðunar- og starfskjaranefndum. Hildur situr í stjórnnum Íslandsstofu, Arctic Fish Holding SA, Eldeyjar eignarhaldsfélags hf., Norðursiglingar hf., Íþöku fasteigna ehf., Héðins hf., Argyron ehf. og MyPulse ehf.

Hildur er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Ingi Jóhann Guðmundsson, fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvá frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er Cand.Oecon. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. og Kjálkaness ehf. Ingi Jóhann er stjórnarformaður Hrólfsskers ehf. sem á 15,65% hlut í Sjóvá, en Ingi Jóhann á óbeinan hlut Hrólfsskeri í gegnum Kjálkanes ehf. sem á 34,2% hlut í félaginu. Ingi á 22% eignarhlut í Kjálkanesi ehf.

Ingi telst óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess en telst háður stórum hluthafa samkvæmt leiðbeiningum um stjórnarhætti.

Ingunn Agnes Kro, fædd 27. mars 1982, til heimilis í Reykjavík. Ingunn var fyrst kjörin í stjórn Sjóvá 12. mars 2020. Hún er með BA og MA í lögfræði og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands, með málflutningsréttindi fyrir héraðsdómi og er löggiltur verðbréfamiðlari. Ingunn starfaði hjá Skeljungi hf. á árunum 2009-2019, síðast sem framkvæmdastjóri skrifstofu- og samskipta-sviðs, þar sem hún bar ábyrgð á samskipta-, samfélagsábyrgðar-, lögfræði-, markaðs- og mannauðsmálum, en áður sem yfirlögfræðingur, regluvörður, ritari stjórnar og sat í framkvæmdastjórn. Hún var einnig framkvæmdastjóri Íslenska vetnisfélagsins ehf. (dótturfélags Skeljungs hf.) á árunum 2018-2019. Á árunum 2008-2010 var Ingunn stundakennari og síðar aðjúnkt hjá lagadeild Háskóla Íslands þar sem hún kenndi skaðabótarétt. Ingunn er stjórnarformaður RARIK. Hún er einnig stjórnarmaður hjá Iceland Seafood International hf. og formaður endurskoðunarnefndar félagsins. Ingunn situr auk þess í stjórn Freyju,

fjárfestingasjóðs. Þá situr Ingunn í stjórn Votlendissjóðs, sem er sjálfseignarstofnun sem vinnur að því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Ingunn er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Varamenn í stjórn

Erna Gísladóttir, fædd 5. maí 1968, til heimilis í Garðabæ. Erna sat í stjórn Sjóvá frá 20. júní 2009 lengst af sem formaður stjórnar og síðar sem varamaður frá 15. mars 2019, en hún settist tímabundið aftur í stjórn 19. nóvember 2019-12. mars 2020. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er framkvæmdastjóri Egg ehf. Hún var forstjóri forstjóri BL ehf. 2013-2023, Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags og framkvæmdastjóri frá 1991. Hún situr í stjórnnum BL ehf., Egg ehf., Egg fjárfestingar ehf., Umbreytingar I slhf. og Ölmur ehf.

Erna er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Erna er ásamt eiginmanni sínum eigandi og stjórnarmaður í Egg fjárfestingar ehf. sem á 3,26% eignarhlut í Sjóvá.

Garðar Gíslason, fæddur 19. október 1966, til heimilis í Garðabæ. Hann hefur verið varamaður í stjórn Sjóvá frá 30. september 2011. Garðar er Cand.Jur. frá Háskóla Íslands 1997. Hann hefur starfað sem lögmaður frá 2005, lengst af á LEX lögmennsstofu, en frá 2016 á IUS lögmennsstofu. Hann var yfirlögfræðingur og síðar forstöðumaður hjá embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins og staðgengill skattrannsóknarstjóra frá 1997-2005. Garðar situr í stjórnnum eftirfarandi félaga: IUS lögmennsstofa ehf., Valshjartað hf., Ránarborg ehf. (varamaður), Harðbakur ehf. (varamaður), Völsi Capital Partners ehf. (varamaður) og Salvus ehf. (varamaður).

Garðar hefur veitt Sjóvá lögfræðilega ráðgjöf í afmörkuðum verkefnum á sviðum stjórnsýslu-, félaga- og fjármagnsmarkaðsréttar.

Garðar er óháður félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Samantekt

Það er mat tilnefningarnefndar að alla lykilhæfnipætti, reynslu og þekkingu sem leitað var eftir sé að finna í ofangreindum hópi og að þeir myndi sterka og faglega heild. Frambjóðendurnir hafa víðtæka reynslu af rekstri stórra fyrirtækja og hafa allir starfað sem stjórnendur í slíkum fyrirtækjum. Mikil þekking er á umhverfi tryggingamála og reynsla af rekstri tryggingafélaga er í hópnun. Þessi hópur býr að breiðri og mikilli þekkingu á fjármálum, reikningsskilum og lagaumhverfi skráðra félaga. Allir frambjóðendur hafa mikla reynslu af stjórnarstörfum, bæði sem formenn stjórna og almennir stjórnarmenn.

Samfella í stjórn er mikilvæg sem og góður árangur félagsins og kom það sterkt fram í samtölum við hluthafa. Frá 2019 hafa verið nokkrar breytingar á stjórninni. Þar sem núverandi stjórnarmenn gefa allir aftur kost á sér og góður árangur hefur verið af starfi þeirra, þau eru virk, áhugasöm og vinna vel saman, þá studdi það ákvörðun nefndarinnar um að tilnefna óbreytta stjórn.

Frambjóðendurnir telja sig allir hafa aðstöðu og tíma til að sinna stjórnarstörfum hjá Sjóvá. Það er mat nefndarinnar að hópurinn sé líklegur til að starfa áfram vel saman og viðhalda öflugum og árangursríku stjórnarstarfi.

Tillaga nefndarinnar um varamenn í stjórn eru að núverandi varamenn, þau Erna Gísladóttir og Garðar Gíslason verði áfram.

Samantekt og mat á upplýsingum úr samtölum við stjórnarmenn, forstjóra og fulltrúa hluthafa styður við tillögu nefndarinnar.

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Katrín S. Óladóttir, formaður

Finnur R. Stefánsson

Sigríður Olgeirsdóttir

Verklagsregla

VR-Starfsreglur tilnefningarnefndar

Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Tilnefningarnefnd starfar á grundvelli heimildar í 24. gr. samþykktá félagsins. Hluthafafundur setur nefndinni eftirfarandi reglur:

1. Tilgangur og markmið

1.1. Hlutverk tilnefningarnefndar er að tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu. Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt.

2. Samsetning og kosning

- 2.1. Tilnefningarnefnd skal skipuð þremur mönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi til tveggja ára.
- 2.2. Stjórnarmenn félagsins, stjórnendur þess og starfsmenn skulu ekki eiga sæti í nefndinni.
- 2.3. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. A.m.k. einn nefndarmanna skal vera óháður hluthöfum sem eiga 10% hlut í félaginu eða meira. Stjórn Sjóvá skal meta óhæði nefndarmanna skv. 2. mgr. 20. gr. samþykktá félagsins að breyttu breytanda.
- 2.4. Framboð til tilnefningarnefndar skal hafa borist skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Tilkynning um framboð til nefndarinnar skal skilað til stjórnar félagsins á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu félagsins.
- 2.5. Kosning í tilnefningarnefnd skal fara fram sem hlutfallskosning milli þeirra einstaklinga sem tilkynnt hafa um framboð sitt sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktá félagsins að breyttu breytanda.
- 2.6. Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins.

3. Fundir

- 3.1. Tilnefningarnefnd kys sér formann úr hópi nefndarmanna á fyrsta fundi sem nefndin kemur saman. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum og skal sjá um að fundargerð sé færð.
- 3.2. Nefndin skal funda að lágmarki tvisvar á starfsári og oftast ef þurfa þykir.
- 3.3. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tók á því að fjalla um málið, sé þess kostur.

4. Hlutverk og ábyrgðarsvið

- 4.1. Tilnefningarnefnd hefur það hlutverk að tilnefna frambjóðendur til stjórnarsetu í félaginu þegar kosning til stjórnar er á dagskrá hluthafafundar.
- 4.2. Helstu verkefni tilnefningarnefndar eru að:
 - a) óska eftir tillögum um framboð til stjórnar frá hluthöfum tímanlega fyrir aðalfund félagsins,
 - b) upplýsa um hvernig hluthafar geti lagt fram tillögur fyrir tilnefningarnefndina og hvernig aðrir geta komið framboðum sínum á framfæri,
 - c) útbúa framboðseyðublað og sjá til þess að það sé aðgengilegt á vefsíðu félagsins,
 - d) sjá til þess að skil framboðstilkynninga séu í samræmi við lög og samþykktir félagsins,
 - e) meta frambjóðendur út frá hæfni, reynslu og þekkingu þeirra,
 - f) meta óhæði frambjóðenda,
 - g) gæta að kynjahlutföllum í stjórn félagsins,
 - h) undirbúa og leggja fram tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu,
 - i) gera skriflega skýrslu til aðalfundar, eða hluthafafundar þar sem stjórnarkjör fer fram, um það hvernig nefndin hafi hagað störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar,

Ábyrgðaraðili: Forstjóri - Rafræn útgáfa skjalsins er sú sem er í gildi á hverjum tíma.
Í gildi frá: 11.03.2022

Verklagsregla VR-Starfsreglur tilnefningarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.

- j) yfirfara starfsreglur þessar og gera tillögu að breytingum til að leggja fyrir hluthafafund sé þörf á.
- 4.3. Við undirbúning og gerð tillögu að tilnefningu frambjóðenda til stjórnarsetu skal nefndin m.a. líta til þess að samsetning stjórnar sé sem best í samræmi við starfsemi og stefnu félagsins og hún beri með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, reynslu og þekkingu. Skal nefndin m.a. notast við niðurstöður árangursmats stjórnar er varðar samsetningu stjórnar og hæfni stjórnarmanna.

5. Heimildir

- 5.1. Tilnefningarnefnd skal í störfum sínum hafa aðgang að þeim gögnum sem nefndin telur nauðsynleg til að gegna hlutverki sínu. Aðgangur að gögnum og starfsmönnum félagsins skal þó vera bundinn þeim hömlum sem gilda um aðgengi stjórnarmanna í váttryggingafélögum samkvæmt gildandi löggjöf og starfsreglum stjórnar.
- 5.2. Tilnefningarnefnd er heimilt að leita til utanaðkomandi ráðgjafa í störfum sínum og skulu þeir þá vera óháðir félaginu, daglegum stjórnendum og þeim stjórnarmönnum sem ekki eru óháðir. Nefndin skal ganga úr skugga um óhæði ráðgjafa en við það mat skal nefndin notast við sömu sjónarmið og þegar óhæði stjórnarmanna er metið.

6. Trúnaðarskylda

- 6.1. Á nefndarmönnum hvílir þagnar- og trúnaðarskylda um málefni félagsins og önnur atriði sem þeir öðlast vitneskju um í störfum sínum og leynt skulu fara, nema um sé að ræða málefni sem nefndinni ber að gera opinber vegna starfsskyldna. Þagnar- og trúnaðarskylda helst þótt látið sé af störfum.

7. Birting upplýsinga og áskilnaður

- 7.1. Tillaga tilnefningarnefndar skal birt samhliða því að boðað er til aðalfundar eða hluthafafundar þar sem stjórnarkjör fer fram, skemmst þremur vikum fyrir fund. Tillagan skal jafnframt birt á vefsíðu félagsins í kjölfar útsendingar fundarboðs. Í fundarboði skal bent á að unnt sé að senda inn framboð til stjórnar þar til fimm dögum fyrir fundinn, en að vegna eðlis og umfangs starfa tilnefningarnefndar sé ekki tryggt að nefndin geti lagt mat á framboð sem berast eftir að tvær vikur eru til fundarins. Nefndin skal birta hæfnismat vegna framboða sem berast innan fyrrgreindra tímamarka, og einnig mat á því hvort frambjóðandi teljist vera óháður, á vefsíðu félagsins a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund ásamt fyrirbyggjandi tillögu nefndarinnar.
- 7.2. Tilnefningarnefnd áskilur sér rétt til þess að endurskoða þá tillögu sína sem birt er samhliða aðalfundarboði. Breytist tillaga nefndarinnar frá því sem fram kemur í fundarboði skal nefndin birta endurskoðaða tillögu sína a.m.k. tveimur dögum fyrir aðalfund.
- 7.3. Fari stjórnarkjör fram á öðrum hluthafafundi en aðalfundi kann að vera að nefndin hafi ekki tök á að birta tillögu sína samhliða fundarboði þar sem tímafrestir geta verið skemmri en þegar um aðalfund er að ræða. Undir slíkum kringumstæðum skal nefndinni heimilt að birta rökstudda tillögu sína eftir að fundarboð hefur verið sent út, þó eins fljótt og kostur er og a.m.k. tveimur dögum fyrir hluthafafund.

8. Gildistaka

- 8.1. Starfsreglur þessar eru samþykktar á hluthafafundi Sjóvá-Almennra trygginga hf. 26. október 2018 og öðlast þegar gildi. Starfsreglurnar skulu birtar á vefsíðu félagsins.

Ábyrgðaraðili: Forstjóri - Rafræn útgáfa skjalsins er sú sem er í gildi á hverjum tíma.
Í gildi frá: 11.03.2022

Verklagsregla VR-Starfsreglur tilnefningarnefndar Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Breytingar: Á aðalfundi þann 12. mars 2020
Á aðalfundi þann 11. mars 2022

Viðauki II

Nefndarmenn í tilnefningarnefnd

Katrín S. Óladóttir formaður

Katrín er fædd 20. október 1953. Katrín hefur lokið kvennaskólaprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík. Hún er fyrrverandi framkvæmdastjóri og eigandi Hagvangs þar sem hún sinnti daglegri stjórnun og rekstri fyrirtækisins auk stjórnendaráðninga. Áður starfaði hún sem ráðningarstjóri og sinnti fjölbreyttri ráðgjöf við ráðningar síðan 1983. Katrín situr í tilnefningarnefnd Skeljungs hf. Katrín hefur setið í tilnefningarnefnd Sjóvá frá árinu 2018.

Katrín er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.

Finnur R. Stefánsson

Finnur er fæddur 14. október 1969, hagfræðingur frá HÍ 1992, MBA í fjármálum frá VA Tech 1994 og löggiltur verðbréfamiðlari. Hann er framkvæmdastjóri fjárfestingafélagsins Snæbóls ehf. en starfaði frá hausti 1994 til vors 2007 hjá Landsbréfum, FBA og Íslandsbanka-FBA / Glitni sem sjóðsstóri, í áhættustýringu og sem framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og síðar rekstrarsviðs frá 2000. Finnur hefur setið í stjórn Klasa og dótturfélaga frá 2007, var í stjórn Icelandair Group 2007-2010 og stjórn Straums fjárfestingarbanka og Kvik 2014-2017, stjórn Umbreytingar I slhf frá 2018 og stjórn Umbreytingar II slhf frá 2022. Finnur var fyrst kjörinn í tilnefningarnefnd Sjóvá árið 2022.

Finnur er óháður félaginu og daglegum stjórnendum en telst háður stórum hluthafa þar sem hann er framkvæmdastjóri og annar eigenda Snæbóls ehf. sem á 9,6% hlut í félaginu.

Sigríður Olgeirsdóttir

Sigríður er fædd 5. maí 1960, kerfisfræðingur frá Tígentskolen í Danmörku, með MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík, AMP-gráðu frá Harvard Business School og próf í rekstrar- og viðskiptafræðum frá Endurmenntun Háskóla Íslands. Sigríður er sjálfstætt starfandi en hún var áður sviðsstjóri þjónustu hjá Völku, framkvæmdastjóri rekstrar og upplýsingatækni sviðs Íslandsbanka og Framkvæmdastjóri Ax hugbúnaðarhúss, forstjóri Humac og framkvæmdastjóri hjá Tæknivali og stofnaði og byggði upp Tæknival í Danmörku. Sigríður situr í stjórn Haga, Nova og Íslandshótela og hefur setið í fjölmörgum stjórnun hérlendis sem erlendis. Sigríður hefur lokið hæfnismati Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Sigríður var fyrst kjörin í tilnefningarnefnd Sjóvá árið 2022.

Sigríður er óháð félaginu, daglegum stjórnendum og stórum hluthöfum félagsins.